

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2025.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2025 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning fyrir tekjuárið 2025.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu. Sláturkostnaður vegna búsafurða til heimanota heimilast ekki til frádráttar rekstrartekjum.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2025 er sem hér segir:

Tegund	Krónur	Eining
Mjólk	136	pr. lítra
Egg	644	pr. kg
Kartöflur	188	pr. kg
Rófur	215	pr. kg
Gulrætur	587	pr. kg
Lambakjöt	854	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	263	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	182	pr. kg
Ungnautakjöt	863	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	499	pr. kg
Folaldakjöt	380	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	158	pr. kg
Grísakjöt	640	pr. kg
Annað svínakjöt	324	pr. kg
Kjúklingar	540	pr. kg
Annað fuglakjöt	886	pr. kg
Lax og silungur	924	pr. kg
Annar fiskur	427	pr. kg

Reykjavík, 13. desember 2024.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.